



Bygðastofnun

Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 138/2614
komudagur 31.S. 2010

Dagsetning
28.05. 2010

Umhverfisnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Umhverfisnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um frumvarp til laga um grunngerð landupplýsinga, mál 549.

Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti.

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Bygðastofnun fékk drög að frumvarpinu til umsagnar meðan unnið var að því í ráðuneytinu og gerði við það nokkrar athugasemdir, sem eru meðfylgjandi. Frumvarpið er í raun innleiðing á tilskipun 2007/2/EB og með því er verið að uppfylla skyldur íslenska ríkisins vegna EES-samningsins. Að þessu gefnu telur stofnunin ekki tilefni til þess að gera frekari athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á próunarsviði Bygðastofnunar

Dagsetning
24.02. 2010

Umhverfissráðuneytið
b/t Kristín Rannveig Snorradóttir
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Umhverfissráðuneytið hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um drög að frumvarpi til laga um grunngerð landupplýsinga sem er til innleiðingar á tilskipun 2007/2/EB frá 14. mars 2007 (INSPIRE).

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Lög um landupplýsingar taka mið af tilskipuninni og er því mjög afmarkað um hvað þau fjalla efnislega. Uppbygging frumvarpsins er skýr og skilgreiningar á meginhugtökum þess fylgja í sérstakri lagagrein. Fram kemur í athugasemdum að litið hafi verið til þess hvernig nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndum og þá einkum Danmörk hefur staðið að lagasetningu um grunngerð landupplýsinga. Dönsku lögin eru því svipuð, en þó er fyrirkomulag samræmingarnefndar sem tilgreint er í 10. gr íslenska frumvarpsins með öðrum hætti en í þeim dönsku. Þannig er gert ráð fyrir að samræmingarnefndin verði skipuð fimm fulltrúum ráðuneyta, Landmælinga Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga í íslensku lögunum, en í þeim dönsku er samræmingarnefndin stærri og í henni sitja ýmsir aðilar svo sem notendur landupplýsinga og meira að segja opnað á að þar geti setið einstaklingar sem hafa sérstakan áhuga á landupplýsingum. Frumvarpið gerir áð fyrir að Landmælingar Íslands hafi umsjón með framkvæmd laganna samkvæmt 9. gr. laganna og því álitamál hvort sama stofnun eigi einnig fulltrúa í samræmingarnefndinni.

Þættir stafrænna landupplýsinga eru tilgreindir í þremur viðaukum sem fylgja tilskipuninni. Þar eru talin upp margir efnisflokkar sem varða umhverfispætti bæði náttúrufarslega og manngerða. Það verður hins vegar ekki séð að ætlað sé að grunngerð landupplýsinganna nái til ýmissa félagslegra og efnahagslegra þátta, svo sem samfélagsþjónustu, launa og atvinnuskiptingar. Byggðastofnun, Hagstofa Íslands, Landmælingar Íslands og Skipulagsstofnun hafa myndað samstarfshóp sem ætlað er að búa til gagnagrunn sem varðar ýmsa þætti sem varða starf þessarra stofnana.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á próunarsviði Byggðastofnunar